



Reykjavík 10. júní 2024

Niðurstaða athugunar á umgjörð og eftirliti með rekstraráhættu Kviku banka hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á umgjörð og eftirliti með rekstraráhættu Kviku banka hf. (hér eftir bankinn) í apríl 2023. Niðurstaða lá fyrir í janúar 2024.

Markmið athugunarinnar var að kanna umgjörð og eftirlit með rekstraráhættu á sviði Fyrirtækja og markaða hjá bankanum. Lögð var sérstök áhersla á að kanna hvort að sviðið komi að gerð áhættumata á vinnslustigi og hvort hlutverk sviðsins og ábyrgð væri til samræmis við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum (SREP) (EBA/GL/2018/03) og viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05), auk meginreglna Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit varðandi eftirlit með rekstraráhættu (Revisions to the Principles for the Sound Management of Operational Risk). Viðmiðunarreglurnar útfæra meðal annars 2. mgr. 54. gr. a, 1. mgr. 77. gr. a, 77. gr. b, 1. mgr. 78. gr. g og 80.-81. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að bankinn hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 161/2002, sbr. viðmiðunarreglur EBA um SREP og innri stjórnarhætti auk meginreglna Basel-nefndarinnar. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Formleg umgjörð er lýtur að stefnu og stýringu rekstraráhættu var að nokkru ábótavant. Umfjöllun bankans um rekstraráhættu í stefnu um áhættuviðmið fjármálanefndar og stýringu efnahagsreiknings lýsti ekki með fyllilega skýrum hætti umgjörð áhættustýringar eða ferlinu við að greina, stjórna og stýra rekstraráhættu, áhættuvilja og áhættumeningu ásamt því að skilgreina ekki mismunandi hlutverk og ábyrgð í skipuriti bankans. Í ýmsum skjölum bankans er fjallað um einhver ofantalinna atriða en það er ekki gert með heildstæðum hætti. Að auki skorti umfjöllun um veigamikil atriði í rekstraráhættustefnu bankans. Með vísan til framangreinds var formleg umgjörð er lýtur að stefnu og stýringu rekstraráhættu bankans ekki talin í fullu samræmi við 1. mgr. 78. gr. g laga nr. 161/2002, sbr. 77. gr. a sömu laga og 161. gr. viðmiðunarreglna EBA um innri stjórnarhætti.
- Ósamræmis gætti í tilteknum skjölum bankans varðandi flokkun undiráhættuþátta rekstraráhættu. Bankinn er ekki að nýta samræmdan lista yfir skilgreinda áhættuþætti bankans í skjölum sínum auk þess sem skjölin tilgreina með ólíkum hætti hvað telst til undiráhættuþátta rekstraráhættu. Af því leiðir að fyrirkomulag skýrslugjafar

er ógagnsætt. Með vísan til framangreinds var flokkun undirpátta rekstraráhættu ekki talin í samræmi við 1. mgr. 78. gr. g laga nr. 161/2002, sbr. 161. gr. í viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti.

- Umgjörð, fundargerðir rekstrarnefndar og skýrslugjöf tengd rekstraráhættu var að nokkru ábótavant. Stjórn bankans fær ekki góða mynd af rekstraráhættu innan samstæðu og ver ekki hæfilegum tíma í að fjalla um áhættuna. Ekki er til heildstæð yfirlitsskýrsla um rekstraráhættu bankans og er takmarkaða umfjöllun að finna í ársfjórðungslegum skýrslum áhættustýringar. Þá fór fjármálaeftirlitið fram á að bankinn bæti fundargerðir rekstrarnefndar þannig að þær veiti heildaryfirsýn yfir rædd málefni. Með vísan til framangreinds var umgjörð, fundargerðir rekstrarnefndar og skýrslugjöf tengd rekstraráhættu ekki talin í samræmi við 2. mgr. 54. gr. a og 77. gr. b laga nr. 161/2002, sbr. 191. gr. í viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti.
- Prófunum á stýringum bankans var að nokkru ábótavant. Bankinn framkvæmdi ekki reglubundna vöktun mikilvægra stýringa heldur var eftirlit með virkni stýringa framkvæmt ef upp komu frávik tengd skráðri áhættu. Einnig hefur virkni mikilvægra stýringa bankans ekki verið prófuð á kerfisbundinn hátt. Með vísan til framangreinds voru prófanir á stýringum ekki taldar í samræmi við 1. og 3. mgr. 77. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. 1. mgr. 78. gr. g sömu laga og kafla 17 í viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn myndi fela innri endurskoðun að gera úttekt á því hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði fjármálaeftirlitinu.